

Ísland öðrum augum litið

Á sýningunni Ísland öðrum augum litið, sem opnuð verður í Hafnarhúsinu í Reykjavík á laugardag kl. 16.00 er flétt að saman verkum nokkurra íslenskra og erlendra listamanna. Birgir Andrésson er einn þeirra og hér lýsir hann sýningunni nánar:

„Hugmyndin var að stefna saman fortíð og nútíð og skoða hvaða sýn útlendingar og við sjálf höfum á landið okkar. Ég hef sjálfur verið að túlka í minni myndlist það „menningarlandslag“ sem við búum við og hef kynnst verkum erlendra myndlistamanna sem hafa komið hingað og unnið í líkum anda. Það eru til dæmis hin bandaríska Roni Horn, Hollendingurinn Douwe Jan Bakker og Rom-



Paris, verk eftir Birgi Andrésson

an Signer. Þetta eru þeir erlendu samtímamenn sem eiga verk á sýningunni. En við völdum líka myndir úr Þjóðminjasafninu eftir þá Collingwood, Stanley og Banks. Þeir voru hér á ferð á 18. og 19. öld og sköðuðu landið og máluðu það, aðallega út frá sagnfræðilegum forsendum og áhuga þeirra á Íslendingasögum.

Hörður byggði með hugaraffli
Síðan höfum við snillinginn Hörð Ágústsson og nokkrar makalausar teikningar eftir hann til dæmis af Skálholts-

kirkju. Þar þurfti hann að feta sig áfram út frá örfáum spýtum sem hann hafði í höndunum og hann byggir með hugarafflinu heila dómkirkju, sem var stærsta dómkirkja á Norðurlöndum. Hörður er hönnuður, myndlistamaður og arkitekt og einna helsti boðberi þess að Ísland eigi miklu meiri sjóð frá fornri tíð en sögumeninguna eina, þar sé einnig mikið af sjónrænum minjum.

Ef við lýsum verki Hollendingins Douwe þá eru það 72 litlar myndir af hinum og þessum fyrirbærum í íslensku lands-

langi eins og lind, þúfu, hálsi, dragi, hamrabelti og fleiri og hann leggur áherslu á það í ljósmyndum sínum með því að gefa því ákveðið form. Myndirnar hækka alltaf í myndrammanum eftir því sem ofar dregur í landslaginu. Lindin er neðst og einhverjir tindar efst.

Roni Horn sýnir tvær og tvær myndir af heitum uppsprettum, augum. Hún hefur komið Íslandi víða á kortið. Við Íslendingar höldum alltaf að við séum að sigr heiminn og engin þjóð hefur gert það eins oft en svo eru til útlendingar sem gera það bara fyrir okkur. Roni Horn er ein þeirra.

Spaugilegu hliðarnar

Roman Signer er með myndband. Hann sér spaugilegu hliðarnar á landinu og hefur gert mynd af ferðalagi við Snæfellsnes á kajak.

Svo er ég sjálfur með part úr seríu sem ég hef verið að vinna lengi að um hús á Íslandi sem hafa fengið nöfn stórborga og álfa. Berlín, Hamborg, París, Amsterdam, Glasgow, Arabía, Síbería, Rússland og jafnvel Alheimur. Það sýnir hvernig við tengjum okkur við umheimin og færum útlönd inn í okkar líf. Þetta er nú svona ramminn í kring um þessa sýningu.“

GUN.

UM HELGINA



Einar Már Guðmundsson, Silja Aðalsteinsdóttir og Bjarni Þorsteinsson

Einar Már situr fyrir svörum

Einar Már Guðmundsson rit höfundur verður spurður spjörnum úr um líf sitt og starf á ritþingi í Menningar- miðstöðinni Gerðubergi á morgun, laugardaginn 4. nóvember kl. 13.30 - 16.00. Ritverk Einar Mús verða að sjálf- sögðu krufin og hann mun lesa brot úr þeim, meðal annars kafla úr nýrri bók sem er rétt ókomin út. Silja Aðalsteinsdóttir bókmenntafræðingur stjórnar ritþinginu og spyrjar verða bókmenntafræðingarnir Guðni Elísson og Bjarni Þorsteinsson.

Einar Már að að baki langan feril sem rithöfundur og hefur fyrir löngu skipað sér sess sem einn af ástsælustu rithöfundum þjóðarinnar. Hans frægasta verk, Engla Alheimsins hefur náast hvert mannsbarn á Íslandi lesið eða séð. Einar Már er einlægur, hreinskilinn og frjór í hugsun og frásagnarlist hans mun eflaust njóta sín á ritþinginu.

Til minningar um Jakob

Sunnudaginn 5. nóvember verða haldnir tónleikar í Akureyrarkirkju til minningar um Jakob Tryggvason fyrrverandi organista. Jakob var fæddur að Ytra-Hvarfi í Svarfardal 31. janúar 1907 og lést á Akureyri 13. mars 1999. Jakob starfaði að tónlistarmálum á Akureyri um 45 ára skeið. Organisti og kórstjóri í Akureyrarkirkju var hann frá árinu 1941-1986 og skólastjóri Tónlistarskólans á Akureyri frá 1950-1974. Auk þessara starfa sinnti hann margvíslegum tónlistarmálum í bænum, m.a. stjórnadi hann Lúdrasveit Akureyrar, Söngfélaginu Gíggunni og var þjálfari og undirleikari Geysiskvartettsins.

Efnisskrá tónleikanna verður fjölbreytt og verður m.a. frumflutt verk eftir Hafliða Hallgrímsson sem hann samdi til minningar um Jakob Tryggvason. Á tónleikunum koma fram Kór Akureyrar-kirkju, einsöngvari Björg Þór-hallsdóttir, stjórnandi Björn Steinar Sólbergsson, Lúdrasveit Akureyrar stjórnandi Helgi Þ. Svavarsson, kennarar við Tónlistarskólann á Akureyri og Geysiskvartettinn. Tónleikarnir hefjast kl. 17.00 og er aðgangur ókeypis.



Jakob Tryggvason.

Heimskautslöndin unaðslegu


Arfleifð Vilhjálms Stefánssonar um heimskautslöndin verður afhjúpuð í Listasafninu á Akureyri á sunnudagskvöldið í viðurvist eftirlifandi eiginkonu hans.

Heimskautslöndin unaðslegu - arfleifð Vilhjálms Stefánssonar er heitið á sýningunni sem Sif Friðleifsdóttir umhverfisráðherra opnar í Listasafninu á Akureyri að kvöldi sunnudagsins 5. nóvember kl. 20.00, en auk hennar verður forseti Íslands herra Ólafur Ragnar Grímsson og Evelyn Stefánsson Nef, ekkja Vilhjálms Stefánssonar, viðstödd opnunina. Sýningin lýsir með myndrænum hætti lífi, starfi og hugsjónum Vilhjálms Stefánssonar en er um leið kynning á umhverfi, menningarheimum og málefnum norðurslóða.

Breytti ímynd norðurslóða

Vestur-Íslendingurinn Vilhjálmur Stefánsson (1879-1962) er þekktastur fyrir að hafa ferðast um heimskautasvæði Kanada í fimm ár óslitið (1913-1918) og stundað mannfræðirannsóknir og landkönnun, en alls dvaldi hann um 12 ár á þessum slóðum. Hann lærði tungumál og kynntist menningu Inúíta og tileinkaði sér lifnadarhætti þeirra. Síðar varð hann kunnur sem boðberi þess að Evrópubúar gætu, líkt og Inúítar, lifað á heimskautaslóðum og nýtt sér gæði þeirra, að því tilskildu að þeir lærðu að umgangast náttúruöflin að hætti heimamanna. Á sínum tíma gerði Vilhjálmur Stefánsson meira en nokkur annar maður til þess að breyta ímynd norðurslóða, frá heljarslóðinni ömurlegu yfir í heimskautslöndin unaðslegu með merkilegu mannlífi, menningu og gnótt náttúrugæða.

Vilhjálmur fæddist í Mani-tóba, sonur íslenskra foreldra sem fluttust til Kanada. Fjölskyldan settist síðar að í Bandaríkjunum þar sem Vilhjálmur bjó til æviloka og



Vestur-Íslendingurinn Vilhjálmur Stefánsson breytti ímynd norðurslóða frá heljarslóðinni ömurlegu yfir í heimskautslöndin unaðslegu með merkilegu mannlífi, menningu og gnótt náttúrugæða.

stundaði hann nám við Háskólann í Norður Dakóta, Ríkisháskólann í Iowa og Harvard háskólann en þaðan lauk hann meistaraþrófi í mannfræði.

Áður óbirt efni

Sýningin sem unnin er í samvinnu við Stofnun Vilhjálms Stefánssonar, Dartmouth College og Reykjavík menningarborg Evrópu árið 2000 er í öllum sölum Listasafnsins og er stuðst við ritadar heimildir, ljósmyndir, hljóðupptökur og kvikmyndir sem varðveittar hafa verið í Stefánsson Collection í Dartmouth College og víðar. Þá má nefna útgefin verk Vilhjálms, áður óbirt efni úr dagbókum hans og fyrirlestra sem eftir hann liggja. Samhlíða sýningunni verður efnt til ráðstefnu nýrra alþjóðlegra samtaka, Rannsóknarpings norðursins, en sýningunni lýkur 17. desember næstkomandi

Snemma árs 2001 verður sýningin svo sett upp í Listasafni Reykjavíkur en þaðan mun hún fara áfram til Finnlands, Kanada og Bandaríkja-anna. Þegar farandsýningunni lýkur er ætlunin að nota efni hennar sem grunn að sérstöku Vilhjálmsafni, sem áformað er að staðsett verði á Akureyri í tengslum við Stofnun Vilhjálms Stefánssonar.

-w